

**Nd. 4. Frumvarp til laga [4. mál]**

um breyting á lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

**1. gr.**

Í stað orðanna „nr. 189 14. júlí 1972“ í 1. málsgrein 1. gr. laganna komi orðin: nr. 299 15. júlí 1975.

**2. gr.**

Jafnan þar sem orðin „nr. 189/1972“ koma fyrir í 2. og 4. gr. laganna komi í staðinn orðin: nr. 299/1975.

**3. gr.**

Töluröð grunnlínupunkta í 2. og 4. gr. laganna skal breytt í samræmi við 1. gr. reglugerðar nr. 299/1975.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 15. október 1975.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er lagt fram vegna breyttra viðhorfa við gildistöku reglugerðar nr. 299 15. júlí 1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem hún er frá 15. október n.k. að telja afmörkuð 200 sjómílum utan við grunnlínu. Þer brýna nauðsyn til að skipa veiðiheimildum íslenskra skipa með þeim hætti, að ákvæði núgildandi laga nr. 102 27. desember 1973, um botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, taki í heild til allrar hinnar nýju 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi.

Í 1. mgr. 1. gr. laganna segir svo: „Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 189 14. júlí 1972, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi“.

Auk þessa er í 2. og 4. gr. laganna vitnað til reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 189/1972 í sambandi við grunnlínu og grunnlínupunkta.

Eftir útgáfu reglugerðar um útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 200 sjómílur er því nauðsynlegt að setja lög um breyting á lögum nr. 102/1973 til að fastákveða, að ákvæði laganna, þ. á m. um veiðiheimildir, veiðitakmarkanir, leyfakerfi og viðurlög við brotum taki í heild til allrar hinnar nýju 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi.

Að öðru leyti þarfnast einstakar lagagreinar ekki skýringar við.